



Erindisbréf yfirkjörstjórnar og undirkjörstjórna Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Stjórnskipuleg staða og skipan

Yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir Ísafjarðarbæjar skulu kosnar af bæjarstjórn eins fljótt og unnt er eftir sveitarstjórnarkosningar, samkvæmt 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Ísafjarðarbæ er skipt í sex kjördeildir og skal kjósa undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Þrjár kjördeildir eru á Ísafirði, ein á Suðureyri, ein á Flateyri, og ein á Þingeyri.

Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn, og jafnmarga til vara. Hver undirkjörstjórn skal skipuð þremur mönnum og nægilega fjölda varamanna.

Kjörtímabil yfirkjörstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Fái framboð sem fulltrúa á í sveitarstjórn ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn sveitarfélags er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í kjörstjórninni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

Yfir- og undirkjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta með sér verkum.

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs er yfirkjörstjórn innan handar með ýmiss verkefni tengd störfum yfirkjörstjórnar og situr undirbúningsfundi yfirkjörstjórnar.

2. gr.

Hæfi kjörstjórnarmanna

Kjörstjórnarmenn skulu eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu.

Kjörstjórnarmaður skal víkja sæti í kjörstjórn ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða sambúðarmaka, enda sé sambúðin skráð í þjóðskrá, eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu, eða ef fyrir hendi eru þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Ágreiningi um hæfi kjörstjórnarmanns til að úrskurða í máli má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála skv. 22. gr. kosningalaga.

3. gr.

Hlutverk og starfshættir

Yfirkjörstjórnir hafa umsjón með framkvæmd kosninga í Ísafjarðarbæ samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021, þ.e. sveitarstjórnarkosningum, Alþingiskosningum og forsetakosningum, svo og öðrum þeim þjóðaratkvæðagreiðslum sem Alþingi ákvarðar.

Yfirkjörstjórn hefur umsjón með öruggri framkvæmd kosninga og skal tryggja að kosningar í Ísafjarðarbæ séu beinar, frjálsar og leynilegar. Fylgja skal ákvæðum kosningalaga og afleiddra reglugerða og reglna varðandi alla framkvæmd kosninga. Þá skulu kjörstjórnir fylgja leiðbeiningum og upplýsingum Landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar kjördæmisins við framkvæmd kosninga.

Aðalfulltrúar yfirkjörstjórnar skulu sinna undirbúningsvinnu við framkvæmd kosninga eftir þörfum fram að kjördegi, s.s. að funda vegna ákvarðanatöku einstakra atriða, mæta til upplýsingafunda með Landskjörstjórn, vera í rafrænum samskiptum og undirbúa kjörskrá, kjörgögn og uppsetningu kjörstaðar á kjördag. Hafa skal hliðsjón af fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna málaflokksins við undirbúning og framkvæmd kosninganna, í samráði við sviðsstjóra. Gert er ráð fyrir formlegum upphafsfundi fyrir kosningar og skilafundi eftir kosningar, auk upplýsingafundar daginn fyrir kjördag.

Þá skal yfirkjörstjórn sinna vinnu á kjördag og vera reiðubúin að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og að úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf, sbr. 1. mgr. 17. gr. kosningalaga, auk þess að sinna frágangi mála að kosningum loknum, svo og ábyrgð á talningu atkvæða eftir sveitarstjórnarkosningar. Varafulltrúar yfirkjörstjórnar skulu kallaðir til eftir þörfum.

Yfirkjörstjórn ákvarðar lengd kjörfundar á hverjum kjörstað, að teknu tilliti til lagareglna, svo og lengd viðveru fulltrúa í undir- og yfirkjörstjórn. Bæjarstjórn skal þó ákveða kjörstað, sem skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, en auglýsing er á ábyrgð sviðsstjóra.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram.

Yfirkjörstjórn boðar til upplýsinga- og undirbúningsfundar með aðalfulltrúum undirkjörstjórna og varafulltrúum yfirkjörstjórnar daginn fyrir kjördag.

Heimilt er yfirkjörstjórn að nýta sal bæjarstjórnar í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs vegna framkvæmdar og undirbúnings kosninga.

Varafulltrúar yfirkjörstjórnar og undirkjörstjórna taka sæti í kjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir eða skipaðir.

4. gr.

Gerðabækur

Yfir- og undirkjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar í þar til gerðar bækur sem geymdar eru í eldtrausti geymslu á skrifstofum Ísafjarðarbæjar. Skal yfirkjörstjórn halda eina bók, og hver undirkjörstjórn sína. Skal gerðabókum vegna sveitarstjórnarkosninga haldið aðskildum frá kosningum til Alþingis, forsetakjörs og annarra kosninga.

Kjörstjórnnum ber að fylgja reglum landskjörstjórnar, staðfestum af ráðherra, um hvað skylt er að bóka í gerðarbók og um form, efni og löggildingu gerðabóka.

5. gr

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnnum gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar, eftir því sem við á og eftir eðli máls.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Fulltrúa er skylt að boða varmann í forföllum sínum og tilkynna það oddvita viðkomandi kjörstjórnar.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir kjörstjórnina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt hætt sé setu í kjörstjórn eða láti af störfum á hennar vegum.

Um þóknun vegna starfa fulltrúa í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnnum gilda reglur Ísafjarðarbæjar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa. Þóknun er greidd fyrir undirbúning kosninga, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum, auk aksturs.

Oddviti yfirkjörstjórnar skal halda utan um skráða tíma yfirkjörstjórnar og undirkjörstjórna og skila tímaskýrslum til sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

6. gr.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skulu fulltrúar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnnum taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Þá skal yfir- og undirkjörstjórnir fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og svo og ákvæðum kosningalaga og sveitarstjórnarlaga.

7. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum kosningalaga nr. 112/2021, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. september 2025 með vísan til 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og tekur þegar gildi. Gildir erindisbréf þetta þar til annað kann að vera ákveðið.

Ísafirði, 4. september 2025

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri